

Forvarnardagurinn 2008

Eitt af árlegu verkefnum okkar sveitarstjórnarmanna er að gera fjárhagsáætlun fyrir komandi ár. Þar er fjármunum skipt á milli hinna ýmsu málaflokka sem eru á verkefnasviði sveitarfélaga. Einn þessara málaflokka eru íþrótt- og æskulýðs- og tómstundamál.

Sveitarfélögin reka flest hver öflugt starf á þessu sviði enda er forvarnargildi þess ótvírætt og margoft hefur verið sýnt fram á jákvæð áhrif þess á börn og unglinga. Eitt af meginmarkmiðum allra sveitarfélaga er án efa að standa vörð um vellíðan og öryggi barna og ungmenna og stuðla þannig að bættri velferð fjölskyldna.

Með öflugu íþrótt- og æskulýðsstarfi er reynt að skapa börnum og unglimum aðstöðu og tækifæri til að stunda áhugamál sín sem sýnt þykir að dragi úr möguleikum á að þau afvegaleiðist og ánetjist t.d. áfengis- og fíkniefnaneyslu. Það reynist oft sveitarstjórnarmönnum erfitt að meta nákvæmlega árangur af því starfi sem haldið er uppi af hálfu sveitarfélaganna þó vissulega megi segja að nú séu til mun betri upplýsingar í formi ýmissa rannsókna á högum barna og unglinga. Slíkar rannsóknir og niðurstöður geta verið mikilvæg hjálpartæki við stefnumótun í málefnum þessa málaflokks.

Þau tuttugu og tvö ár sem ég hef verið sveitar- og bæjarstjóri hef ég tekið þátt í uppbyggingu og rekstri sveitarfélaga. Eitt af því ánægjulegasta sem ég hef orðið vitni að í mínu starfi var uppbygging íþróttamannvirkja í Djúpavogshreppi. Þegar mín börn voru að vaxa úr grasi og voru að skila sér heim í frí var það þeirra fyrsta verk að smala saman í lið sem gætu síðan komið saman í íþróttahúsinu, enda kynslóð sem ólst upp við fyrsta flokks íþróttaaðstöðu. Þessi viðsnúningur á áherslum á gildi samverustunda gladdi mann meira en orð fá lýst og sannfærði mann um að þeim fjármunum sem varið hafði verið til uppbyggingar íþróttamannvirkja hefði verið vel varið.

Á síðastliðnu sumari var lokið við uppbyggingu íþróttamannvirkja í Þorlákshöfn. Með hliðsjón af þeirri vinnu var ákveðið að fara þess á leit við HSK að 11. unglíngalandsmót UMFÍ yrði haldið í Þorlákshöfn sumarið 2008. Landsmótið var haldið dagana 1.-4. ágúst sl. og gleðin skein úr hverju andliti þeirra rúmlega tíu þúsund gesta sem mættu á svæðið. Sú ákvörðun að halda unglíngalandsmót þar sem saman koma foreldrar og börn í keppni og leik er stórkostleg leið til að stuðla að aukinni samveru fjölskyldu og barna í heilbrigðu vímulausu umhverfi.

Í framhaldi af byggingu nýrra íþróttamannvirkja hefur bæjarstjórn ákveðið að öll börn á leik- og grunnskólaaldri fái frítt í sund. Markmiðið með því er einkum að efla áhuga á íþróttum, stuðla að því að skapa börnum tækifæri til aukinnar hreyfingar og að koma til móts við fjölskyldufólk í þeim tímabundnu þrengingum sem íslenska þjóðin er að ganga í gegnum. Það er mat bæjarstjórnar að tímabundið gæti fjölskyldufólk haft minni fjármuni til skiptana sem bitnað gæti á íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarfi barna. Rannsóknir hafa sýnt að börn sem taka þátt í íþróttum eru skipulagðari og sjálfsagi þeirra er meiri auk þess sem það eykur námsþroska þeirra. Þrátt fyrir að íþróttir séu mikilvægar má ekki gleyma þeim einstaklingum sem stunda vilja annarskonar tómstundir. Sveitarfélagið hefur lagt sig fram um að mæta þörfum þessara hópa með því að koma á fót æfingahúsnæði fyrir unglíngahljómsveitir og mótorsmiðju þar sem ungmenni geta komið saman og fengið tilsögn í tónlist og viðgerðum á mótorsmiðjum. Þetta framtak hefur fengið góðan hlómgrunn meðal ungmenna í sveitarfélaginu og hefur sannfært sveitarstjórnarmenn að þar hefur fé verið vel varið.

Fjárveitingar til verkefna sem hafa forvarnargildi, hvort sem það er á sviði íþróttar, fræðslu, námskeiða, barnaverndar eða annars starfs sem viðkemur börnum og ungmönnum, er stuðningur við einstaklinginn, fjölskyldur og samfélagið. Það er því mat bæjaryfirvalda í Ölfusi að þrátt fyrir þrengingar í efnamálum sé mikilvægt að hlúa vel að þessum máttarstólpum samfélagsins og hefur vinna við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs m.a. tekið mið af því sjónarmiði.

29. október 2008

Ólafur Áki Ragnarsson, bæjarstjóri Ölfus